

281. Lilja Dögg Alfreðsdóttir (Hovedindlæg)

Herra forseti. Ég legg hér fram fyrir hönd ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir ráðherranefndartillögu um nýja samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar. Tillagan varðar öll þrjú samstarfssvið ráðherranefndarinnar, sem eru: menntamál, rannsóknir og tungumál. Mikil þróunarvinna fór fram við gerð samstarfsáætlunarinnar. Leitað var sjónarmiða frá Norðurlandaráði og þeim fagsviðum norrænu ráðherranefndarinnar sem málið varðar með það að markmiði að tryggja þverfaglegt samstarf á sviðum þar sem löndin eiga sömu hagsmuna að gæta. Framtíðarsýn samstarfsáætlunarinnar er sú að Norðurlöndin eigi hér eftir sem hingað til að vera leiðandi á sviði þekkingar og velfarnaðar. Loftslagsbreytingar, ný tækni og nýjar fjölmiðlavenjur hafa áhrif á samfélögin okkar og þar má einnig nefna aukinn margbreytileika íbúanna, tungumál þeirra og menningarlegan uppruna.

Í samfélagi sem tekur örum breytingum eru menntun og rannsóknir grundvallarforsenda farsællar þróunar. Lykilþættirnir í að skapa Norðurlönd morgundagsins eru til að mynda þekking, nýsköpun, lýðræðisleg borgaravitund, traust, opin samskipti, jafnrétti og velferðarsamfélag fyrir alla sem byggist á sameiginlegum gildum. Samstarfið miðast við sveigjanlegt nám sem veitir öllum börnum og ungmennum menntun í góðu námsumhverfi og nær yfir öll æviskeið frá vöggju til grafar í góðu flæði milli menntakerfis og vinnumarkaðar. Samstarfið á að stuðla að þróun, færni til framtíðar og þar gegna kennarar mjög mikilvægu hlutverki og segja má að þeir gegni mikilvægasta starfi samfélagsins þar sem þeir leggja grunninn að öllum öðrum störfum þess. Þar með móta þeir framtíðina á hverjum einasta degi. Samstarfið leggur einnig áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika þar sem allir fá tækifæri til að þroska hæfileika sína.

Í samstarfi ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir viljum við vinna vel að framkvæmd nýrrar framtíðarsýnar norrænu ráðherranefndarinnar til ársins 2030, sem forsætisráðherrarnir samþykktu 20. ágúst á þessu ári, og um leið framfylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í rannsóknarsamstarfinu leggjum við megináhersluna á öndvegisvísindi. Þörf er á öflugri þekkingu sem byggist á vísindalegum grunni til að takast á við áskoranir í loftslagsmálum, skapa grænar lausnir, efla alþjóðlega samkeppnishæfni og stuðla að þróun félagslega sjálfbærra samfélaga. Öflugur hluti norræns samstarfs snýr að tungumálum. Með því að standa vörð um tungumál okkar verndum við um leið menningararf þjóðanna og Norðurlandanna allra en tungumál eru eina samskiptatækið sem er í eigu þeirra sem tala þau.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir leggur einnig áherslu á hreyfanleika innan Norðurlandanna og milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Í því verkefni nýtum við helst Nordplus sem er menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar með fimm undiráætlunum sem samanlagt ná yfir öll svið menntunar. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að samstarfi og gæðum í menntun á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Möguleikar á frekari þróun eru alltaf fyrir hendi. Þá möguleika vill ráðherranefndin nýta til framþróunar innan ramma hinnar nýju samstarfsáætlunar og nýrrar sýnar í norrænu samstarfi. Ráðherranefndin hlakkar til að greina frá árangri samstarfsins við að ná fram okkar sameiginlegu sýn á þingi Norðurlandaráðs árið 2021.

Skandinavisk oversættelse:

Herr president. Jag framlägger här på vägnar av ministerrådet för utbildning och forskning ett ministerrådsförslag om ett nytt samarbetsprogram för ministerrådet. Förslaget gäller alla ministerrådets tre samarbetsområden, vilka är: utbildning, forskning och språk. Ett omfattande strategiskt arbete genomfördes i samband med utvecklingen av samarbetsprogrammet. Man sökte synpunkter från Nordiska rådet, samt från relevanta sektorer inom Nordiska ministerrådet, i syfte att säkra ett tvärsektoriellt samarbete på de områden där länderna har gemensamma intressen.

Samarbetsprogrammets målsättning är att Norden fortsätter att vara en

ledande region inom kunskap och välfärd. Klimatförändringar, ny teknologi och nya medievanor påverkar våra samhällen och man kan i detta sammanhang nämna ökad mångfald bland invånarna när det gäller deras språk och kulturella bakgrund.

I ett samhälle som kännetecknas av snabba förändringar är utbildning och forskning den grundläggande förutsättningen för en vällyckad utveckling. Nyckelfaktorer för att skapa morgondagens Norden är till exempel kunskap, innovation, demokratiskt medborgarskap, tillit, öppenhet, jämställdhet och ett inkluderande välfärdssamhälle som bygger på gemensamma värderingar. Samarbetet tar utgångspunkt i flexibelt lärande som säkrar att alla barn och unga får sin utbildning i en bra studiemiljö och som täcker hela livsloppet från vaggan till graven i bra samverkan mellan utbildningssystemet och näringslivet. Samarbetet är tänkt att bidra till utvecklingen av färdigheter för framtiden och i det hänseendet spelar lärarna en mycket viktig roll, och man kan påstå att de innehar samhällets viktigaste arbetsuppgift eftersom de lägger grunden till alla andra jobb i samhället. På det sättet formar de framtiden varje dag. Samarbetet har också ett fokus på jämställdhet och mångfald där alla erbjuds en möjlighet att utveckla sina färdigheter.

Genom samarbetet inom ministerrådet för utbildning och forskning vill vi bidra på ett bra sätt till att förverkliga Nordiska ministerrådets vision fram till år 2030, som antogs av statsministrarna den 20 augusti i år, och samtidigt till att uppfylla FN:s globala mål om hållbar utveckling. I forskningssamarbetet prioriterar vi först och främst vetenskaplig spetskompetens. Vi behöver starka kunskaper som vilar på vetenskaplig grund för att kunna möta utmaningar i klimatfrågor, skapa gröna lösningar, stärka vår konkurrenskraft internationellt och främja utvecklingen av socialt hållbara samhällen. En kraftfull del av det nordiska samarbetet har med språk att göra. Genom att värna om våra språk bevarar vi samtidigt varje folks och hela Nordens kulturarv, och man måste då minnas att språket är det enda kommunikationsmedlet som tillhör talarna själva.

Ministerrådet för utbildning och forskning lägger också fokus på mobilitet inom Norden samt mellan de nordiska länderna och Baltikum. I det syftet får

vi först och främst användning av Nordplus, Nordiska ministerrådets utbildningsprogram, vars fem delprogram tillsammans täcker alla aspekter av utbildning. Målet med programmet är att främja samarbete och höja kvaliteten på utbildningen i Norden och i Baltikum. Potential för ytterligare utveckling finns alltid. Ministerrådet vill dra nytta av den potentialen för att främja utveckling inom ramen för det nya samarbetsprogrammet och den nya visionen för nordiskt samarbete. Ministerrådet ser fram emot att presentera resultatet av samarbetet om att förverkliga vår gemensamma vision under Nordiska rådets session 2021.

Tietoja

Puheen numero

281

Laji

Hovedindlæg

Henkilö

[Lilja Dögg Alfreðsdóttir](#)

Speaker role

Islands kulturminister

Päivämäärä

30.10.19 16:53